Fundargerð

1271. fundur bæjarráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Tjarnargötu 12
28. maí 2020 kl. 08:00

Viðstaddir:

**Friðjón Einarsson, Guðbrandur Einarsson, Gunnar Þórarinsson, Jóhann Friðrik Friðriksson, Margrét A. Sanders, Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi, Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.**

* * *

**1. Ársreikningur og endurskoðunarskýrsla 2019 (2019110195)**

Regína F. Guðmundsdóttir fjármálastjóri, Sturla Jónsson og Theodór Sigurbergsson endurskoðendur frá Grant Thornton mættu á fundinn og kynntu ársreikning og endurskoðunarskýrslu vegna ársins 2019.

**2. Rekstaruppgjör 2020 (2020030202)**

Regína F. Guðmundsdóttir fjármálastjóri mætti á fundinn og fór yfir rekstraruppgjör janúar – apríl 2020.

**3. Sundmiðstöð – Útisvæði (2020030072)**

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfissviðs mætti á fundinn og kynnti fyrirliggjandi gögn og upplýsingar varðandi útboð á breytingum á útisvæði Sundmiðstöðvarinnar.

Bæjarráð samþykkir að hafna innsendu tilboði. Guðlaugi H. Sigurjónssyni sviðsstjóra umhverfissviðs falið að vinna áfram í málinu.

**4. Æfingavöllur vestan Reykjaneshallar (2020050503)**

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfissviðs mætti á fundinn. Opnuð voru tilboð í gervigrasvöll vestan Reykjaneshallar. Bæjarráð samþykkir að taka tilboði BYGG sem var 79% af kostnaðaráætlun.

**5. Fráveitukerfi Reykjanesbæjar (2020021108)**

Málinu frestað.

**6. Úttekt á verkferlum vegna United Silicon (2020050493)**

Lögð fram drög af skýrslu um úttekt á stjórnsýsluháttum vegna kísilverksmiðju United Silicon hf. Bæjarráð samþykkir að fresta málinu til næsta fundar bæjarráðs.

**7. Almenningssamgöngur í Reykjanesbæ (2019090564)**

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfissviðs mætti á fundinn og fór yfir málið ásamt bæjarstjóra.

**8. Stefna Reykjanesbæjar til 2030 – staðan og markmið til 2021 (2019050834)**

Bæjarstjóri gerði grein fyrir stöðu verkefna sem koma fram í Stefnu Reykjanesbæjar til 2030.

**9. Viðbrögð við efnahagslegum áhrifum/auknu atvinnuleysi vegna Covid 19 (2020040083)**

Kynnt skýrsla Gunnars Víðis Þrastarsonar verkefnastjóra markaðsmála á markaðsherferð/ferðumst innanlands „Reykjanesbær – kíktu í heimsókn". Bæjarráð samþykkir að halda áfram með verkefnið og mun tryggja fjármögnun með viðauka.

**10. Vatnsnesvegur 8a – erindi frá Vatnsnesbúinu, landeigendafélagi (2020030181)**

Bæjarráð felur bæjarstjóra að vinna áfram í málinu.

**11. Niðurfelling fasteignagjalda vegna andláts maka (2020050487)**

Samþykkt að fella niður heimild til endurgreiðslu fasteignagjalda vegna andláts maka frá og með 1. júní nk. Samþykkt 3 -0, Friðjón Einarsson (S), Guðbrandur Einarsson (Y) og Jóhann Friðrik Friðriksson (B) greiddu atkvæði með tillögunni, Margrét A. Sanders (D)og Gunnar Þórarinsson (Á) sátu hjá.

**12. Fagháskólanám í leikskólafræðum (2020050509)**

Jóhann Friðrik Friðriksson vék af fundi á með umræðu og afgreiðslu málsins stóð.

Bæjarráð fagnar þessari nýlundu í námi á Suðurnesjum og samþykkir erindið þar sem kostnaður er óverulegur fyrir sveitarfélagið. Formanni bæjarráðs Friðjóni Einarssyni falið að undirrita viljayfirlýsingu fyrir hönd Reykjanesbæjar.

**13. Aðalfundur Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar 8. júní 2020 (2020050486)**

Aðalfundarboð lagt fram. Formaður bæjarráðs Friðjón Einarsson mun fara með atkvæði Reykjanesbæjar á fundinum.

**14. Fundargerð stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 20. maí 2020 (2020010217)**

Fundargerðin lögð fram.

**15. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 20. maí 2020 (2020021082)**

Fundargerðin lögð fram.

**16. Fundargerðir neyðarstjórnar (2020030192)**

https://www.reykjanesbaer.is/is/stjornsysla/stjornsyslan/fundargerdir/neydarstjorn

**17. Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar Used car-rent ehf. um leyfi til að reka gististað í flokki II að Fitjabraut 6c (2020030142)**

Lagðar fram umsagnir byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar, Brunavarna Suðurnesja og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja. Bæjarráð tekur undir umsögn byggingarfulltrúa og HES um að ekki er mælt með veitingu rekstrarleyfis.

**18. Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar JEY20 ehf. (Fernando's) um leyfi til að reka veitingastað í flokki II að Hafnargötu 28 (2020050170)**

Lagðar fram umsagnir byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar, Brunavarna Suðurnesja og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja. Bæjarráð samþykkir erindið.

**19. Stjórnarfundir Tjarnargötu 12 ehf. 2020 (2020050496)**

Erindinu vísað til stjórnar Tjarnargötu 12 ehf.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:35